

afsláttarskírteinis í réttu hlutfalli af þeim fjárhæðum sem gilda fyrir það tímabil (18.000 kr. og 4.500 kr.). Þegar samanlagt hlutfall skv. 1. og 2. ml. nær 100% veitir það rétt til afsláttarskírteinis skv. 8. gr., sbr. 9. gr., sem gildir til ársloka 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 115 frá 13. febrúar 2001 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi viðauki kemur í stað fyrri viðauka:

VIÐAUKI

við reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með vísan til reglna um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, nú nr. 115 frá 13. febrúar 2001, að eftirfarandi verðbréfaflokkar séu hæfir til endurhverfra verðbréfavíðskipta og sem trygging vegna daglána til viðkomandi lánastofnana:

RIKS 02 0401	IBH 21 0115
RIKS 03 0210	IBH 22 1215
RIKS 04 0410	IBH 26 0315
RIKS 05 0410	IBH 36 0115
RIKS 10 0115	IBH 37 1215
RIKS 15 1001	IBH 41 0315
Innstæðubríf SÍ	IBN 20 0101
Ríkisvixlar	IBN 38 0101
Ríkisbréf	LAND 97 1
IBH 16 0115	LAND 98 1
IBH 18 0415	STOL 98 1A
IBH 20 0115	

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 1. júlí 2001. Jafnframt fellur úr gildi eldri viðauki við reglur nr. 115 frá 13. febrúar 2001.

Reykjavík, 28. júní 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.